

Krafa ákærvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra er ekki tekin til greina.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, nema hvað kostnaður við mat á afla og veiðarfærum greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. júní 1966.

Nr. 92/1966. **Hrólfur Þórarinnsson**
 (Bárður Jakobsson hdl.)
 gegn
Djúpbátnum h/f og Eir h/f
 (Sigurður Sigurðsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Leqi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Skip. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. júní 1966. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 50.074.21 ásamt 9% ársvöxtum frá 5. marz 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Er áfrýjandi flutti bát sinn Pólstjörnuna í bátahöfn Ísa-fjarðar hinn 10. janúr 1964 kl. 1600 lá Fagranes (hið eldra) þar við hafnargarð, næst utan á því v/b Sædis og enn utan á þeim báti v/b Ölver. Sama dag kl. 2240 var v/s Fagranesi (hinu yngra), eign stefnda Djúpbátsins h/f, lagt milli Fagraness (eldra) og Pólstjörnunnar. Loks kom v/b Guðbjartur Kristján, eign stefnda Eirar h/f, í höfnina hinn 11.

janúar 1964 kl. 0010 og lagðist hann milli Fagraness (yngra) og Pólstjörnunnar. Er greindum skipum, Pólstjörnunni, Fagranesi (yngra) og Guðbjarti Kristjáni, var þannig komið fyrir í höfninni, hafði það í för með sér, að hreyft var að meira eða minna leyti við festum skipa þeirra, sem næst voru, og lægi þeirra raskað.

Af gögnum málsins og málflutningi þykir mega ráða, að á þeim tíma, er atburðir þessir gerðust, hafi það tíðkamt og verið látið viðgangast af hafnaryfirvöldum, að skipstjórnarmenn legðu skipum sínum með greindum hætti. Áfrýjanda, sem sjálfur beitti þessum aðferðum, svo sem lýst var, var vitaskuld um þetta kunnugt. Gat hann því ekki treyst því, að látinn yrði óhreyfður bátur hans, sem hann lét gæzlu- lausan, enda þótt þá væri að sjálfs hans sögn farið að hvesa. Þá verður að telja sannað, að festar Pólstjörnunnar hafi slitnað eða raknað upp til endanna þar um borð, en eigi er fram komið, að starfsmenn stefndu hafi hreyft við festum hennar þar, svo sem í héraðsdómi greinir. Að svo vöxnu og þar sem eigi er í ljós leitt, að festingar bátsins eða lægi hafi verið ótryggari eftir en fyrir tilfærslur þær, er um var að tefla, þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm sjó- og verzlunardómsins, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara
og Theodórs B. Línalds prófessors.**

Síðari hluta dags hinn 10. janúar 1964 lágu skipin gamla Fagranesið, v/s Pólstjarnan, v/s Sædis og v/s Ölver við bryggju í bátahöfninni á Ísafirði, gamla Fagranesið næst bryggjunni, en v/s Ölver fjærst, svo sem nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Um kl. 2240 sama dag fluttu skipstjórnarmenn v/s Fagraness skipið frá svonefndri Bæjarbryggju

inn í bátahöfnina, að því er ætla verður í öryggisskyni vegna yfirvofandi hvassviðris. Var skipinu lagt við hlið gamla Fagranessins, milli þess og v/s Pólstjörnunnar. Var v/s Fagranes bundið við festarhæla á bryggjunni og við gamla Fagranesið. V/s Pólstjarnan, en við hana voru tengd v/s Sædis og v/s Ölver, var bundin við v/s Fagranes. Laust eftir miðnætti var v/s Guðbjarti Kristjáni, ÍS 268, lagt milli v/s Fagraness og v/s Pólstjörnunnar. Var v/s Pólstjarnan nú flutt til að nýju og bundin við v/s Guðbjart Kristján. Skipstjórnamenn skipa þessara höfðu ekki samráð við hafnar-yfirvöld um aðgerðir þessar, og ekki tilkynntu þeir þær umráðamönnum skipa þeirra, er þeir færðu. Þá höfðu þeir eigi varðmenn í skipum sínum um nóttina, svo sem þó er boðið í 14. gr. hafnarreglugerðar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 100/1955. Ljóst er, að raun í festar v/s Pólstjörnunnar óx, er hún og þau skip, er utar lágu, voru færð lengra frá bryggjunni en þau upphaflega lágu, enda fór veður vaxandi. Þegar þetta allt er virt, þykja skipstjórnamenn v/s Fagraness og v/s Guðbjarts Kristjáns bera fébótaábyrgð á tjóni því, er áfrýjandi varð fyrir í umrætt sinn.

Áfrýjandi flutti sjálfur festar v/s Sædisar, er hann lagði v/s Pólstjörninni í bátahöfninni um kl. 1600 hinn 10. janúar 1964 og gat vænzt þess, að aðrir beittu sömu aðferð við hans skip. Hann gætti eigi skips síns, frá því að hann batt festar þess og þar til honum var tilkynnt um, að skipin væru á reki í höfninni kl. 0700 hinn 11. janúar 1964, enda þótt honum væri ljóst, að hvassviðri var í aðsigi. Þessa vanrækslu verður að meta honum til sakar, og er hæfilegt, að hann beri sjálfur tjón sitt af hálfu, en stefndu bæti honum það óskipt að hálfu.

Fjánhæð kröfu áfrýjanda hefur eigi verið mótmælt, en í héraði stefndi hann aðeins til greiðslu á kr. 50.045.00 og taldi þá fjánhæð tjón sitt. Þar sem eigi hefur verið aflað leyfis samkvæmt 45. gr. laga nr. 57/1962, verður sú fjánhæð lögð til grundvallar. Samkvæmt framangreindu ber stefndu að greiða áfrýjanda óskipt helming þessarar fjánhæðar, eða kr. 25.022.50, með 7% ársvöxtum frá 5. marz 1964 til 1. janúar

1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Djúpbáturinn h/f og Eir h/f, greiði óskipt áfrýjanda, Hrólfi Þórarinssyni, kr. 25.022.50 með 7% ársvöxtum frá 5. marz 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 30. nóvember 1964.

Ár 1964, mánudaginn 30. nóvember kl. 1700, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóni G. Tómassyni setudómara ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Guðmundssyni skipstjóra og Símoni Helgasyni skipaskoðunarmanni kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 19. þ. m.

Mál þetta hefur Hrólfur Þórarinsson skipstjóri, Ísafirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 5. marz 1964, á hendur Djúpbátum h/f og Eir h/f, báðum á Ísafirði. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 50.045.00 ásamt 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá birtingardegi stefnu til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda svo og greiðslu málskostnaðar úr hendi hans.

Tildrög máls þessa eru þau, að um kl. 0700 að morgni hinn 11. janúar 1964 sleit upp 3 vélbáta, er lágu í bátahöfninni á Ísafirði, og rak þá á land við Hafnarstræti. Var þá á SV rok. Bátarnir voru v/b Pólstjarnan, ÍS 85, 24 rúmlestir brúttó, eigandi stefnandi í máli þessu, v/b Sædís, ÍS 67, 15 rúmlestir brúttó, og v/b Ölver, ÍS 432, 5 rúmlestir brúttó að stærð. Bátar þessir voru bundnir utan á v/b Guðbjart Kristján, ÍS 268, sem er 86 brúttó-

lestir að stærð, en hann lá utan á v/b Fagranesinu, TFKA, 144 brúttólestir, en síðasttalda skipið lá utan á v/b Fagranesinu (gamla), sem legið hefur bundið við bryggju nú um hríð.

Fyrirnefndir 3 bátar, er ráku á land, urðu allir fyrir skemmdum, og er skemmdum á v/b Pólstjörnunni lýst í vottorði Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga, dags. 4. febr. s.l., á þennan veg: „Brotið er á b.b. síðu lunning, skjólborð, skansklæði, efsta umfar súðar, og brotið er frá upphækkun að framan og næstum aftur úr. Aðrir smávægilegir skaðar urðu að bátnum, meðal annars kom leki að honum, svo að skipið varð að fara í slipp til viðgerðar.“

Hefur stefnandi sundurliðað dómkröfu sína þannig:

- | | |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------|
| 1. Hluti skipseiganda af viðgerðarkostnaði ($\frac{1}{10}$ hluti) | kr. 7.700.00 |
| 2. Greiðsla skipseiganda vegna aðstoðar, er vsk. Albert veitti við að ná Pólstjörnunni af strandstað | — 345.00 |
| 3. Meðalafli á rækjuveiðum þá 17 daga, er veiðar féllu niður vegna strandsins, 6 lestir á kr. 7.000.00 lestin | — 42.000.00 |

Samtals kr. 50.045.00

Stefnandi hefur skýrt svo frá málavöxtum, að um kl. 1600 hinn 10. janúar 1964 var farið með skip hans, v/b Pólstjörnuna, í bátahöfnina á Ísafirði, og var farið á milli v/b Sædísar og Fagranessins gamla, sem Sædís var fest í, og sneri bakborðssiðan að. Utan á Sædísinni lá þá, eins og áður greinir, v/b Ölver. Stefnandi kveðst nú hafa fest skipi sínu í gamla Fagranesið að framan með sverri grastóg og vír, en auk þess með afturenda og spring. Segir stefnandi að Sædísin hafi verið fest að aftan með 2 nylonendum í gamla Fagranesið, og kveðst hann ekki hafa hreyft við þeim. Framenda Sædísar festi hann hins vegar í skut Pólstjörnunnar, en bátarnir lágu andfætis. Telur stefnandi, að samkvæmt þessu hafi átök frá Sædís og Ölvi fyrst og fremst lent á nylonendum tveimur, sem bundnir voru yfir í gamla Fagranesið, en festar Pólstjörnunnar hafi ekki orðið fyrir öðrum átökum en frá skipinu sjálfu svo og frá framenda Sædísar, sem bundinn var í skut Pólstjörnunnar. Kveðst stefnandi hafa talið sig hafa gengið vel frá öllum festum, er hann skildi við skip sitt síðari hluta dags hinn 10. janúar s.l., en þá var tekið að hvesa.

Stefnandi fylgdist nú ekki frekar með málum, fyrr en hann var vakinn kl. rúml. 0700 að morgni 11. janúar og honum tilkynnt, að bátur hans ásamt Sædís og Ölvi væri laus og á reki út úr bátahöfninni. Er stefnandi kom á staðinn, sá hann, að bátarnir áttu skammt í land við Hafnarstræti undan Mánagötu. Strax og hægt var að komast um borð, voru gerðar tilraunir til að ná Pólstjörnunni fram, en það tókst ekki af eigin vélarkrafti, og var þá skipið dregið út með aðstoð vsk. Alberts og hafnsögubátsins.

Samkvæmt útdrætti úr dagbók v/b Fagranessins (nýja) hinn 10. janúar 1964 var farið með skipið þann dag kl. 1040 (sem mun vera kl. 2240) frá Bæjarbryggjunni svonefndri í bátahöfnina og lagzt utan á síðu gamla Fagranessins, en utan á því lágu Pólstjarnan ásamt Sædís og Ölvi. Voru þeir bátar færðir utan á síðu Fagranessins, og voru festingar Pólstjörnunnar, tveir endar gras og vír að framan og nylonendi að aftan, sem allir voru bundnir í gamla Fagranesið, teknir um borð í Fagranesið og þar gengið vel frá þeim.

Samkvæmt útdrætti úr dagbók v/b Guðbjarts Kristjáns var skipinu lagt í bátahöfnina að lokinni löndun kl. 0010 hinn 11. janúar 1964. Var lagzt inn á milli nýja Fagranessins og Pólstjörnunnar. Var Pólstjarnan fest með tveim endum, grastógi og vír, að framan og afturenda upp í Fagranesið. Segir í útdrættinum, að endar þessir hafi verið mjög ósjálegir. Grastógið og vírinn voru fest fram á hvalbak Guðbjarts Kristjáns, án þess að hreyft væri við festingunni í Pólstjörnunni, afturendinn var festur í klussholt að aftan á Guðbjarti Kristjáni. Segir enn fremur, að er skipstjóri og stýrimaður komu niður í höfnina um kl. 0830 að morgni 11. janúar, væru slitrur úr öllum endum Pólstjörnunnar um borð í Guðbjarti Kristjáni, en festingar eins og frá þeim var gengið.

Í stefnu og greinargerð svo og undir munnlegum flutningi málsins byggir lögmaður stefnanda fébótarétt umbj. síns að höfuðstefnu á því, að það atferli skipstjórnarmanna á v/b Fagranessinu, eigandi stefndi Djúpbáturinn h/f, og á v/b Guðbjarti Kristjáni, eigandi stefndi Eir h/f, að leysa festar báts stefnanda og flytja hann til í heimildarleysi og án þess að gera stefnanda eða hafnarverði aðvart skapi þeim ábyrgð á festingum og frágangi bátsins, hvernig sem honum var í upphafi lagt við festar. Hafi því fébótaábyrgð stefndu í máli þessu skapast, um leið og hreyft var við festingum Pólstjörnunnar, sem eigandi hennar, stefnandi, hafði talið tryggar. Hins vegar telur lögmaðurinn einnig, að að-

stæður og átök á festingar Pólstjörnunnar hafi breytt verulega, eftir að skipið hafði tvívegis verið fært til og bundið, en ekki telur hann það skipta meginmáli um skaðabótaábyrgð stefndu. Eins hefur stefnandi haldið því fram, að fyrir hafi legið munnleg fyriræli hafnarvarðar um legupláss báta í höfninni og hafi stefndu brotið gegn þeim fyrirælum.

Umboðsmaður stefndu heldur því fram í greinargerð, að skipverjar á v/b Fagranesinu eða v/b Guðbjarti Kristjáni hafi enga sök átt á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir, enda hafi þeir notað sömu festingar fyrir Pólstjörnuna, sem eigandi hennar hafði notað, og þyki greinilegt, að þær hafi ýmist slitnað eða raknað úr lykkju, en hnútar ekki losnað. Bendi það til þess, að endarnir hafi verið haldlitlir eða svo ónýtir, að þeir hafi ekki þolað þau átök, sem aðstæður í Ísafjarðarhöfn krefjist. Þá er því haldið fram af stefndu, að algengt sé, að skip séu færð til í höfninni með sama hætti og gert hafi verið í umrætt sinn, enda teljist það til undantekninga, ef maður frá hafnaryfirvöldunum sé nærstaddur, er skipum er lagt að í höfninni.

Nokkrar vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu, m. a. til upplýsinga á því, hvort festum v/b Sæðisar hafi verið breytt, eftir að stefnandi hafði flutt bátinn utan á v/b Pólstjörnuna.

Vitnið Ólafur Guðmundsson, einn af eigendum Sæðisar, kveðst hafa hugað að festum bátsins, eftir að stefnandi hafði fært hann til. Segir vitnið, að þá hafi Sæðis verið bundin með 2 endum að aftan í gamla Fagranesið. Vitnið kom einnig að bátunum, eftir að þá hafði rekið, og sá það þá annan endann slitinn, og hafði honum verið fest í „vantskrúfuna“ á Pólstjörnunni. Hinn aftur-endann sá vitnið ekki.

Vitnið Guðjón Loftsson hefur borið, að það hafi veitt því at-
hygli, að Sæðisin var bundin með nylonenda í gamla Fagranesið.

Samkvæmt vottorði Ólafs Sigurðssonar, sem lagt hefur verið fram, var Sæðis bundin með tvöföldum nylonkaðli úr skut bátsins yfir í gamla Fagranesið, eftir að Pólstjörnunni hafði verið lagt á milli báta þessara.

Vitnið Ásberg Kristjánsson, skipstjóri á v/b Fagranesinu, ber, að skipverjar hans hafi ekki hreyft við festum Sæðisar, er skipi vitnisins var lagt á milli Pólstjörnunnar og gamla Fagranessins. Sama ber vitnið Kristján Jón Jónsson, stýrimaður á Fagranesinu, en það vann við frágang festa Fagranessins þetta kvöld ásamt vitninu Borgari Guðna Halldórssyni háseta, sem ber, að það minnst þess ekki að hafa hreyft við festum Sæðisar.

Vitnið Ólafur Guðjónsson, stýrimaður á v/b Guðbjarti Kristjáni, hefur borið, að það hafi ekki athugað festar Sædísar, enda hafi skipið eingöngu verið bundið í Pólstjörnuna, er vitnið kom að.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að unnt hafi verið að leggja v/b Pólstjörnunni á þann hátt, sem lýst hefur verið, án þess að flytja margnefnda nylonenda, er lágu úr skut Sædísar, þótt hætt hafi verið við því, að endarnir hefðu þá núízt við framstefni Pólstjörnunnar. Dómurinn lítur hins vegar svo á, að ómögulegt hafi verið að leggja nýja Fagranesinu án þess að hreyfa við endum Sædísar. Með hliðsjón af framburði vitna og þrátt fyrir staðhæfingar skipverja á v/b Fagranesinu verður því að telja sennilegast, að festar Sædísar hafi verið færðar úr gamla Fagranesinu yfir í Pólstjörnuna, er nýja Fagranesinu var lagt á milli. Á hinn bóginn er ekki unnt að staðhæfa, að þessi tilfærsla á festum Sædísar hafi valdið því, að bátana sleit upp. Ber þá og á það að líta, að stefnandi hafði sjálfur fært framenda Sædísar yfir í sitt skip og þannig lagt aukið átak á festar þess.

Festar Pólstjörnunnar hafa verið athugaðar í dóminum, en þær tók lögreglan á Ísafirði í sínar vörzlur 3. febrúar 1964 um borð í v/b Guðbjarti Kristjáni, og hefur stefnandi lýst því yfir, að þar sé um sömu enda að ræða og hann batt bát sinn með hinn 10. janúar s.l.

Endar þessir voru mældir af lögreglunni, og er þeim þannig lýst: „Vír, 1.5 þuml. að sverleika, 14 metrar á lengd. Lykkja á öðrum enda, en á hinum hefur hún raknað upp eða slitnað. Grastóg (svert) 4.00 metrar á lengd frá lykkju. Rækjutóg 2.90 m frá lykkju. Á þessum tógum sést greinilega, að þau hafa slitnað.“

Stefnandi hefur lýst því yfir, að fyrrnefndur vír sé óskemmdur, enda ber hann það með sér. Verður því að telja, að hann hafi raknað úr lykkju um borð í Pólstjörnunni. Á hinn bóginn hefur stefnandi engar sönnur leitt að því, að starfsmenn stefndu hafi hreyft við festunum um borð í skipi stefnanda.

Samkvæmt framansögðu og athugun dómsins á festum Pólstjörnunnar verður ekki séð, að um sé að kenna frágangi skipverja á v/b Fagranesinu eða v/b Guðbjarti Kristjáni á endum Pólstjörnunnar, að bátinn sleit frá og rak upp ásamt Sædís og Ölvi.

Eins og áður er greint, byggir lögmaður stefnanda málflytning sinn að höfuðstefnu á þeim skilningi, að tilfærsla bátanna ein út af fyrir sig skapi fébótaábyrgð, án þess að fleira þurfi til

að koma. Telur stefnandi þannig, að frágangur hans sjálfs á festum báts síns svo og könnun á frágangi starfsmanna stefndu á festum bátsins sé algjört aukaatriði. Dómurinn getur ekki fallizt á þessar röksemdir stefnanda og lítur svo á, að þær samrýmist ekki grundvallarreglum skaðabótaréttarins, enda verði verknaður sá, sem bótaskyldur er, ávallt að standa í ákveðnu orsakasambandi við tjón það, sem bæta á. Lítur dómurinn svo á, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að tjón hans hafi verið afleiðing þess verknaðar starfsmanna stefndu að flytja bát stefnanda til í bátahöfninni með þeim hætti, sem lýst hefur verið.

Reglur um legupláss báta er ekki að finna í hafnarreglugerð Ísafjarðar. Munnleg fyrirmæli hafnarvarðar, sem ósannað er, að skipstjórnarmenn hafi almennt haft vitneskju um, og meðdómsmönnum er kunnugt um, að hefur ekki verið fylgt eftir nú um sinn, geta eðlilega ekki skipt máli um fébótaábyrgð í máli þessu.

Samkvæmt framanrituðu hefur stefnandi ekki fært þau rök fyrir máli sínu, sem lögð verði til grundvallar fébótaábyrgð stefndu. Ber því að sýkna þá af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Djúpbáturinn h/f og Eir h/f, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Hrólfs Þórarinssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.
